



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10 Reykjavík, 26. október 2023.
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Róttarinnar – Félags um velferð og lífsgæði kvenna um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, þskj. 242, 239. mál.

Róttín fagnar því að nú skuli komið fram frumvarp um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun til samræmis við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 48/134 um innlendar mannréttindastofnanir (National Human Rights Institutions) og Parísarreglur þeirra um stöðu og verksvið slíkra stofnana. Eins og réttilega greinir í greinargerð með frumvarpinu þá hefur Íslenska ríkið ítrekað fengið athugasemdir og tilmæli frá alþjóðlegum eftirlitsaðilum um að koma á stofn slíkri stofnun, til dæmis í tengslum við allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttinda á Íslandi árin 2016 og 2022. Lengi hefur verið unnið að þessu markmiði og því sérstaklega ánægjulegt að hér sé komið fram frumvarp um að koma á fót sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun, sem í flesta staði er vel unnið og vandað.

Róttín er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands og hefur beitt sér með ýmsum hætti fyrir auknum mannréttindum kvenna og kvára að því er varðar vímuefnavanda. Félagið er aðili að Kvenréttindafélagi Íslands og FEANTSA - European Federation of National Organisations Working with the Homeless. Félagið hefur staðið að þremur ráðstefnum um vímuefnavanda út frá kynjasjónarmiði og var sú síðasta í liðinni viku. Þá hefur félagið haldið fjölda viðburða, skrifað umsagnir um frumvörp og sent erindi á stjórnvöld í þeirri viðleitni að auka mannréttindi fólks, sérstaklega kvenna og kvára, með vímuefnavanda. Félagið rekur einnig Konukot – neyðarskýli fyrir heimilislausar konur með samningi við Reykjavíkurborg. Þá hefur félagið verið þátttakandi í alþjóðastarfi sem miðar að auknum mannréttindum kvenna með vímuefnavanda og tengdan vanda, eins og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Félagið hefur tekið þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi undanfarin ár.

Mannréttindaskrifstofa Íslands sinnir í dag fjölda mikilvægra verkefna og sinnir í dag helstu verkefnum innlendrar mannréttindastofnunar á Íslandi og hefur frá upphafi komið fram fyrir Íslands hönd á vettvangi Evrópuráðsins og hjá Sameinuðu þjóðunum ásamt því að vera fulltrúi Íslands í norrænu samstarfi og í Evrópusamtökum mannréttindastofnana (Association of Human Rights Institutions, AHRI). Frekari útlistun á verkefnum MRSÍ er útlistuð í umsögn skrifstofunnar og verður ekki rakin nánar hér.

Verkefni MRSÍ eru gríðarlega mikilvæg og miða að því með beinum eða óbeinum hætti að stuðla að framgangi mannréttinda á Íslandi og að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Er það álit Róttarinnar að ofangreindum verkefnum væri best komið hjá nýrri stofnun sem hafi skýrt hlutverk að lögum og örugga fjármögnun sem tryggji sjálfstæði hennar, starfsgrundvöll og getu til að sinna ofangreindum verkefnum sem best.

Rótin tekur undir eftirfarandi ábendingar í umsögn MRSÍ við efni frumvarpsins:


- Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um kjör og samsetningu stjórnar Mannréttindastofnunar Íslands. Í frumvarpinu er farin sú leið sem farin var í Noregi þegar norska mannréttindastofnunin var sett á laggirnar. Vakin er athygli á því að í vottunarferlinu voru gerðar athugasemdir við að ákvæði laganna um kjör stjórnar væru ekki til þess fallin að tryggja að val á stjórnarmeðlimum færi fram með gagnsæjum hætti og á grundvelli faglegra sjónarmiða. Norsku lögnum var síðar breytt í þá veru að forsætisnefnd skyldi kalla eftir tilnefningum í stjórnina og tryggja að ferlið væri opið og samráðs gætt. Leggur Rótin til að samsvarandi breyting verði gerð á þessu frumvarpi.

- Í 7. gr. er fjallað um upplýsingaöflun og eftirlit Mannréttindastofnunar Íslands. Segir þar að stofnunin geti ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á. Rótin tekur undir þá ráðleggingu MRSÍ að kveðið á um að Mannréttindastofnun geti skotið synjun ráðherra um afhendingu upplýsinga á þessum grundvelli til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Að lokum áréttar Rótin að sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun skal tryggja nægt fjármagn til þess að hún geti á raunverulegan og skilvirkan hátt sinnt sínu hlutverki og verkefnum.

Virðingarfyllt,

f.h. Rótarinnar

A handwritten signature in cursive script, reading "Kristín I. Pálsdóttir".

Kristín I. Pálsdóttir, framkvæmdastjóri